

Ed. 463. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur. Er heimilt að eyða honum í annars manns landi með skotum eða hverri annari veiðiaðferð, sem ekki brýtur í bág við önnur lög. Þó má aldrei eittra fyrir svartbak í löndum annars manns, nema samþykkt samkvæmt 2. gr. heimili, enda séu þar settar nauðsynlegar varúðarreglur til varnar gegn tjóni eða slysum af eitruninni.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 10 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigufakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafu hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, svo sem varúðarreglur gegn tjóni af eitrun, eða hún þyk-

ir fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður, sýslusjóður og sveitarsjóður kostnaðinn, að þriðjungi hver. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 10 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Sýslumaður ræður svartbaksskyttur, ef þurfa þykir, eftir tillögum hreppsnefndar.

5. gr.

Ef eitur er notað til eyðingar svartbaks, kaupir sýslu- eða bæjarsjóður eiturlyfjin, og skulu þau valin með ráði landlæknis, en lyfjaverzlun ríkisins er skylt að selja þau við kostnaðarverði. Sýslumaður skipar menn til þess að hafa eitrunina á hendi, eftir því sem þurfa þykir, eftir ábendingu hlutaðeigandi hreppsnefndar, og hafa þeir einir heimild til þess að eittra í löndum annara manna. Kaup eitrunarmanna greiðir sýslusjóður og sveitarsjóður, að hálfu hvor.

Skylt er oddvitum að auglýsa, með nægum fyrirvara, hvar og hvenær eitrun á fram að fara.

6. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að skipaðir eitrunarmenn framkvæmi eitrun fyrir svartbak, eða ónýtir eitrun, er slíkir menn framkvæma, en hefir ekki áður fengið samþykki eitrunarmanns til þess, sæti sektum frá 50—500 krónum.

7. gr.

Skyldur er hver jarðarabúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi áhýlisjarðar sinnar, ef þess er kostur. Vanræki jarðarabúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 20—200 krónum.

8. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum falla að hálfu til uppljóstrarmanns og hálfar til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.